

115 gjald það, er þaðan átti að greiðast. Með því að yður finnst vafi geta verið á, 4. okt. hvað rjett sje í þessu tilliti, hafid þjer skotið málinu til minnar úrlausnar.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að þegar jarðir eru lagðar frá einu prestakalli til annars, þá er það endanleg ráðstöfun, sem yfirgrípur jörðina eins og hún er, sem við það hverfur að öllu undan umráðum og afnotum prestsins í því brauði, sem hún er frá tekin, og að öllu leyti undir það prestakall, sem hún er lögð til, eins og hver önnur kirkjujörð. — Í því tilfelli sem hjer er um að ræða er það því Vallapresti eins óviðkomandi, hvort tekjur af jörðunum Birnunesi og Selá aukast eða rýrna, eins og honum eru yfir höfuð óviðkomandi kirkjujarðir annara prestakalla, og á hann ekkert tilkall til neins hluta af lóðargjöldunum fremur en afurðum og gæðum jarðanna að öðru leyti.

116 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.**

4. okt. — (Ágrip). Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Dvergasteini síra Björn Þorláksson, tæki upp á Dvergasteinsprestakall nýtt lán, að upphæð 2000 kr. auk eldra láns frá 1885, til endurbyggingar Vestdalseyrarkirkju, og skyldi lánið vera endurborgað með vöxtum á 28 árum.

117 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.**

4. okt. — (Ágrip). Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Melstað, síra Þorvaldur Bjarnarson, tæki embættislán upp á Melstaðarprestakall, að upphæð 1200 krónur, er endurborgist ásamt vöxtum á 10 árum, til túnbóta og vörzlubóta á prestsetrinu.

118 **Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um fyrirmynd fyrir skipstjóra- og stýrimanns-skýrteinum.**

29. okt. (Ágrip). — Með brjefi þessu sendi landshöfðingi báðum amtmönnum til útbýtingar milli allra lögreglustjóra eyðublöð undir skipstjóra-skýrteini og stýrimannsskýrteini eptir fyrirmynd, er hann hafði ákveðið samkvæmt 11. gr. laga nr. 29, 26. okt. 1893 um atvinnu við siglingar. Fyrirmyndin er þannig:

Með því að sem er fæddur d.
mán. 18 í nú til heimilis
hefur fyrir undirskrifuðum lögreglustjóra fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í gr. laga 26. okt. 1893 um atvinnu við siglingar, þá veitist honum hjer með samkvæmt 11. gr. nefndra laga rjettur til að vera í lands siglingum á íslenzkum skipum, með þeim rjettindum, er lögín binda við skýrteini þetta.

Lögreglustjórinn í dag mán. 18

Til staðfestu nafn mitt og embættisinsigli.